

9. fundur í hreppsnefnd Árneshrepps haldinn kl.14:00 miðvikudaginn 11.nóvember 2020 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Björn G. Torfason Melum 1, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti bað leyfis til að leggja fram tvö mál til viðbótar við boðaða dagskrá, sem komu eftir að dagskrá var prentuð og send út. Þetta var samþykkt og verða þau mál færð númer 6 og 7. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun 2021 – 2024, fyrri umræða.
2. Norðurfjarðarhöfn, varðandi nýjan grjótgard.
3. Bréf frá Vegagerðinni varðandi girðingar.
4. Erindi frá Pétri Guðmundssyni frá Ófeigsfirði.
5. Erindi til Orkuseturs vegna rannsókna og fyrirhugaðrar hitaveitu frá Krossnesi.

1.Fjárhagsáætlun 2021 til 2024, fyrri umræða. Oddviti og fulltrúi Kpmg hafa farið yfir fjárhæðir hvað varðar endurnýjun tækja og viðhalds og væntanlegan kostnað vegna þrífösunar, ljósleiðaravæðingar og væntanlegt hlutafé vegna hitaveitu frá Krossnesi. Útsvarsprósentan verður óbreytt eða 14,52%. Hreppsnefnd ákvað að taka tilbaka viðauka við fjárhagsáætlun þessa árs 2020 sem gerður var 29.maí s.l. þar sem viðaukinn var ekki nýttur. Fyrri umræðu fjárhagsáætlunar lauk og var vísað til seinni umræðu.

2. Norðurfjarðarhöfn, varðandi nýjan grjótgard. Vegagerðin er búin að tilnefna mann sem verður tengiliður okkar og styttest í að hægt verði að byrja verkið.

3. Bréf frá Vegagerðinni varðandi girðingar, lagt fram til kynningar.

4. Erindi frá Pétri Guðmundssyni frá Ófeigsfirði. Hreppsnefndin samþykki erindið.

5. Erindi til Orkuseturs vegna rannsókna og fyrirhugaðrar hitaveitu frá Krossnesi. Gera þarf nýja kostnaðaráætlun, mæla vatnsmagnið og endurskoða og uppfæra verkfræðiáætlunina. Sótt hefur verið um styrk til Orkuseturs vegna undirbúningsvinnu.

233.

1. Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030. Samkvæmt tölvupósti frá skipulagsfulltrúa vegna breyttrar landnotkunar í Bjarnarfirði. Hreppsnefnd Árneshrepps gerir engar athugasemdir við breytta landnotkun í landi Hvamms í Kaldrananeshreppi.
2. Erindi frá Herði Guðmundssyni fyrir hönd Flugfélagsins Ernir þar sem hann fer yfir mál varðandi útboð vegna flugs á Gjögur. Hreppsnefnd Árneshrepps lýsir yfir ánægju með starfsemi Flugfélagsins Ernir til margra ára, og vonast eindregið til þess að félagið fái áfram að sinna sveitarfélaginu. Samkvæmt fregnum af því flugfélagi sem stendur til að úthluta þessari flugleið, hefur það ekki yfir að ráða flugvélum í sama gæðaflokki og Ernir og það myndi þýða áratuga afturför. Einnig finnst okkur það mikils um vert að fluginu hingað sé sinnt frá Reykjavík. Við hvetjum því samgönguráðherra, samgöngunefnd og Vegagerðina til þess að styðja þá eindregnu ósk okkar að Flugfélagið Ernir fái áfram að þjóna Árneshreppi.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:20